



# VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (\*)



## 1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

### Prentsmiður, prentsmíð

## 2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

## 3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

### Handhafi

- þekkir helstu eiginleika og verkan efna sem notuð eru í prentsmíð og gerir sér grein fyrir mögulegum hættum og umhverfisáhrifum sem þau geta haft
- þekkir og kann rétta beitingu allra helstu véla og verkfæra sem prentsmiðir nota við vinnu sína, svo og viðhald þeirra og hirðingu
- þekkir til öryggismála á vinnustað og hagar vinnu sinni þannig að heilsu og öryggi, eigin og annarra, stafi ekki hætta af
- getur hannað útlit efnis fyrir prent- og skjámiðla
- kann vinnubrögð við þróun hönnunarhugmynda og getur túlkað eigin hönnun og annarra
- getur unnið textaefni og brotið það um til birtingar á prenti eða á skjá
- getur unnið með ólíkar gerðir texta svo hann verði skýr og læsilegur og í samræmi við merkingu
- þekkir forsendur letursetningar og getur valið og notfært sér leturgerðir í samræmi við efni og aðstæður
- kann að nota algengan hugbúnað við umbrot og textavinnslu
- getur tekið á móti myndefni og unnið það til birtingar á prenti eða skjá og kann að skanna og vinna myndir í tölvu
- kann skil á aðferðum við litstýringu og samhæfingu myndefnis í vinnslu
- kann skil á vistun og leit í myndasöfnum, kann að vinna með myndasöfn og þekkir helstu aðferðir við myndaritstjórn
- kann skil á heildarferli grafískrar miðlunar í fyrirtækjum, frá móttöku efnis til frágangs
- kann skil á hlutverki grafískrar miðlunar innan prent- og skjáfyrirtækja
- getur tekið á móti efni á algengu formi og undirbúið til frekari vinnslu
- kann skil á megináherslum vinnslu- og gæðastýringar í prent- og fjölmiðlafyrirtækjum.
- kann að vinna í netumhverfi, í hópvinnukerfum, af netþjóni og á Netinu

## 4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Prentsmiður (grafískur miðlari) hannar allar helstu tegundir prentgripa og gengur frá þeim til útgáfu (forvinnsla), en auk þess sér hann um hönnun skjágripa. Starfsvettvangur er einkum í prentsmiðjum, auglýsingastofum og við útlitshönnun fyrir sjónvarp og netmiðla. Stór hluti starfsins felst í uppsetningu og umbroti þar sem unnið er með myndir og texta. Rétt til starfa í prentsmíð hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í prentsmíð sem iðnaðarráðherra gefur út.

### (\*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfbóðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: [www.cedefop.eu.int/transparency](http://www.cedefop.eu.int/transparency)

© Evrópusambandið 2002

## 5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

<b>Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið</b>  Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem menntamálaráðherra gefur út.	<b>Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins</b>  Mennta- og menningamálaráðuneytið
<b>Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega)</b>  Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	<b>Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf</b>  1-10 Lágmarkseinkunn 5.
<b>Aðgangur að næsta þrepi menntunar/þjálfunar</b> Viðbótarnám til stúdentsprófs eða meistaraskóli.	<b>Alþjóðlegir samningar</b>
<b>Lagalegur grunnur</b> Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 og reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Íðnaðarlög nr. 42/1978 og reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

## 6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er þrjú ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í fjórar annir, námstími samtals 72 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 48 vikur. Náminu lýkur með sveinsprófi.

### Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

### Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:  
[www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

### Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)